

„Mynstur náttúrunnar“

Ljósmyndasýning Fókus í Borgarbókasafni – Menningarhús Spönginni, Grafarvogi.

Fókus – félag áhugaljósmyndara var stofnað árið 1999 af hópi áhugaljósmyndara til þess að rækta áhugamálið, stunda jafningjafræðslu og njóta félagsskapar hver annars, óháð aldri og fyrri störfum. Félagið hefur vaxið og telur nú tæplega 130 meðlimi. Það heldur reglulega viðburði, til dæmis kvöldrölt, fyrirlestra, vinnustöðvafundi, dagsferðir og lengri ferðir. Hápunktar félagsins eru útgáfa árbókar og hin árlega samsýning.

Samsýning Fókus er nú haldin í Borgarbókasafninu í Spönginni og stendur sýningin frá 4. mars til 14. apríl 2023. Þema sýningarinnar er „Mynstur náttúrunnar“ og hefur mikill metnaður verið lagður í að tryggja gæði sýningarinnar, meðal annars með því að fá faglærðan sýningarstjóra, Díönu Júlíusdóttur. Henni innan handar er finnski ljósmyndarinn Kasper Dalkarl, en bæði hafa þau útskrifast með meistarapróf í listum og menningu með áherslu á ljósmyndun frá Novia háskólanum í Finnlandi. Nú í ár taka 46 áhugaljósmyndarar þátt í sýningunni og eru mörg þeirra að sýna verk á sýningu í fyrsta sinn.

Fókus – félag áhugaljósmyndara býður ykkur velkomin á sýninguna „Mynstur náttúrunnar“.